

2. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2017, haldinn 4. apríl 2017 í Flúðaskóla kl. 14:00. 14. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Vigdís Furuseð, Elsa Ingjaltdsdóttir varamaður Jóns Bjarnasonar, Ingvar Hjálmarsson, Ásmundur Lárusson, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Bára Sævaldsdóttir, fulltrúi kennara, Harpa Vignisdóttir, fulltrúi skólaráðs. Guðrún Pétursdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Skóladagatal 2017-2018**
- 3. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra

Þann 27. febrúar fóru nemendur 10. bekkjar í starfskynningu. Guðný María, námsráðgjafi, hjálpaði með skipulagninguna en foreldrar nemenda sáu um að koma þeim á staðinn. Nemendur fluttu svo kynningu hér í skólanum um sína heimskókn.

Á öskudaginn, 2. mars var hefðbundnu skipulagi örlítið breytt. Allir nemendur voru saman úti í íþróttahúsi þar sem leikið var saman og kötturinn sleginn úr tunnunni. Foreldrafélagið og kennarar skipulögðu þetta í sameiningu og þótti gefast mjög vel.

Fimmtudaginn 9. mars var Stóra upplestrarkeppnin fyrir okkar svæði haldin í Aratungu í Reykholti, þar sem 12 nemendur frá sex skólum lásu bæði texta og ljóð. Það er skemmst frá því að segja að Óskar Snorri Óskarsson kom, sá og sigraði. Damian Jozefik stóð sig einnig með mikilli þryði. Verðlaunahafar í fyrsta og öðru sæti frá því í fyrra þau Una Bóel Jónsdóttir og Aron Ernir Ragnarsson kynntu höfunda keppinnar í ár, þau Steinunni Sigurðardóttur og Andra Snæ Magnason. Hringur Karlson spilaði svo listavel á saxafón þannig að nemendur Flúðaskóla spiluðu stórt hlutverk á hátíðinni.

Starfamessa var haldin á Selfossi þann 14. mars síðastliðinn en hún er haldin annað hvert ár á Selfossi, um er að ræða kynningu á störfum og námsleiðum að þeim, í iðn- verk- og tæknigreinum margskonar. Til Starfameessunnar er boðið öllum grunnskólanemum í 9. og 10. bekkjum á Suðurlandi.

Árshátíð yngsta- og miðstigs var haldin 21. febrúar en þá sýndu nemendur leikverkið Úti er ævintýri.

Fimmtudaginn 23. febrúar var árshátíð unglíngastígs haldin. Boðið var upp á hátíðarmat og nemendur í leiklistarvali sýndu frumsamið leikriti sem nefnist Draumahöllin.

Framkvæmd hátíðarinnar var í höndum 9. bekkínga og rennur ágóði af skemmtuninni í ferðasjóð þeirra.

Til stóð að hafa tvær aukasýningar á leikritinu Draumahöllinni en þær urðu þrjár þar sem veður setti strik í reikninginn á fyrstu aukasýningunni

Unglíngastíg Flúðaskóla fór í skemmtilega skíðaferð í Bláfjöll dagana 15.-16. mars. Veðurbliða fylgdi okkar fólki og var skíðaferið með því betra sem gerist. Nemendur sýndu sínar bestu hliðar í ferðinni og gekk hún ljúflega fyrir sig. Auk þess að fara í Bláfjöll tóku krakkarnir okkar þátt í Suðurlandsriðli Skólahreystikeppninnar þar sem liðið endaði í 5. sæti af 11 skólum. Okkar nemendur stóðu sig mjög vel í keppninni sem var mjög jöfn og spennandi. Þess ber einnig að geta hvers vel stuðningsmannasveitin stóð sig á áhorfendapöllum og gaman að sjá hversu mikil samkennd er í unglíngahópunum.

Nemendur úr 4. - 7. bekk fóru einnig í skíðaferð í Bláfjöll en þau fóru í dagsferð þann 21. mars og heppnaðist sú ferð einnig frábærlega enda fengu þau afbragðs gott veður þann dag.

Samræmd próf í 9. og 10. bekk voru haldin 7. - 10. mars, prófin voru rafræn og bíðum við enn niðurstöðu úr þeim.

Starfsmannamál:

Starfsmannasamtöl standa nú yfir og hafa stjórnendur hitt alla kennara og stuðningsfulltrúa. Enn eru nokkur atriði óljós varðandi mönnun kennslu næsta vetur en mun vonandi skýrast á næstu vikum. Undirbúningur næsta skólaárs er því í fullum gangi.

2. Skóladagatal 2017-2018

Aðstoðarskólastjóri lagði fram drög að skóladagatali Flúðaskóla fyrir næsta skólaár, 2017- 2018. Þar er gert ráð fyrir að skólasetning verði þriðjudaginn 22. ágúst og skólaslit föstudaginn 1. júní. Dagatalið er samræmt við dagatal Þjórsárskóla. Skólanefnd samþykkir dagatalið.

3. Önnur mál

a) Almennar umræður um skólastarfið.

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 14:45